



Reykjavík 22.03.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík


Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 21. mars 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Bústaðavegur

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur og borgarhönnun, dags. 16. mars 2018 ásamt tillögu Eflu dags. í mars 2018 að hjólastíg við Bústaðaveg milli Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar.

*Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Heiða Björg Hilmisdóttir, fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir, fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Torfi Hjartarson og fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir og fulltrúi sjálfstæðisflokksins Herdís Anna Þorvaldsdóttir samþykkja framlagaða tillögu Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins Björn Jón Bragason greiddi atkvæði á móti tillögunni.
Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgigögn: tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur og borgarhönnun, dags. 16. mars 2018 ásamt tillögu Eflu dags. í mars 2018.



Umhverfis- og skipulagsráð

16. mars 2018

Hjólreiðaáætlun: Bústaðavegur milli Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar

Í samræmi við Hjólreiðaáætlun 2015-2020 er stefnt að áframhaldandi uppbyggingu tvístefnu hjólastígs samsíða Bústaðavegi árið 2018. Unnið er að verkhönnun og útboðsgögnum fyrir stíg á kaflanum Grensásvegur – Háaleitisbraut sem stefnt er á að framkvæma í ár og forhönnun stíga milli Kringlumýrarbrautar og Skógarhlíðar sem stefnt er á að framkvæma 2019.

Óskað er heimildar til verkhönnunar og gerðar útboðsgagna fyrir hjólastíg á kaflanum Háaleitisbraut – Kringlumýrarbraut í samræmi við meðfylgjandi tillögu verkfræðistofunnar Eflu dags. mars 2018. Stefnt er að framkvæmdum 2018 og 2019.

Þorsteinn R. Hermannsson

Samgöngustjóri